

Fjölís hagsmunasamtök

Ársreikningur 2023

Fjölís hagsmunasamtök.
Barónsstíg 5
101 Reykjavík

kt. 491285-0289

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreyymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Fjöls er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annari hliðstæðri eftirgerð. Fjöls hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimild Fjöls er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjöls nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Samkvæmt rekstrarreikningi eru tekjur umfram gjöld ársins 10,4 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 22,6 millj. kr.

Stjórn Fjöls hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Reykjavík, 17. júlí 2024.

Stjórn:

Halldór Þorsteinn Birgisson
Ragnar Þór Sigurðsson
Hjálmar Jónsson
Gylfi Garðarsson
Páll Ragnar Pálsson
Sindri Freysson
Jón Yngvi Jóhannsson

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fjölkis hagsmunasamtaka.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjölkis („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremmisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum **Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins** í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 17. júlí 2024.

KPMG ehf.

Ólafur Már Ólafsson

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur:			
Tekjur	1b	<u>170.896.990</u>	<u>158.105.067</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	2	5.516.593	5.721.352
Laun stjórnar		3.759.256	4.613.311
Úthlutanir	1c	150.472.360	141.822.395
Annar rekstrarkostnaður		3.307.181	7.170.293
		<u>163.055.390</u>	<u>159.327.351</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		7.841.600	(1.222.284)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		2.565.292	648.713
Vaxtagjöld		(5.715)	(12.908)
Gengismunur		(5.029)	143.752
		<u>2.554.548</u>	<u>779.557</u>
Afkoma ársins	3	<u>10.396.148</u>	<u>(442.727)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022	
Eignir:				
Óinnheimtar kröfur	14.142.856	13.711.867		
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	130.561		
Handbært fé	58.832.705	8.610.824		
Veltufjármunir samtals	<u>72.975.561</u>	<u>22.453.252</u>		
Eignir samtals	<u>72.975.561</u>	<u>22.453.252</u>		
Eigið fé:				
Eigið fé	22.642.552	12.246.404		
Eigið fé samtals	<u>3</u>	<u>22.642.552</u>	<u>12.246.404</u>	
Skuldir:				
Ógreidd úthlutun	48.300.000	9.680.000		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.033.009	526.848		
Skuldir samtals	50.333.009	10.206.848		
Skuldir og eigið fé samtals	<u>72.975.561</u>	<u>22.453.252</u>		

Sjóðstremmisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma ársins	3	10.396.148	(442.727)
Veltufé frá (til) rekstrar		10.396.148	(442.727)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(300.428)	(11.429.713)
Skammtímaskuldur, (lækkun) hækkun		40.126.161	6.056.208
Breytingar rekstrartengdra eigna		39.825.733	(5.373.505)
Handbært fé frá (til) rekstrar		50.221.881	(5.816.232)
Hækjun (lækkun) á handbæru fé		50.221.881	(5.816.232)
Handbært fé í ársbyrjun		8.610.824	14.427.056
Handbært fé í lok ársins		58.832.705	8.610.824

Skýringar

1. Reikningsskilaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Innlausn tekna byggist á samningum við Ríkissjóð, sveitarfélög og fleiri aðila vegna fjölfoldunar og annarrar eftirgerðrar höfundarverka.

c. Úthlutun

Tekjum félagsins er úthlutað til aðildarfélaga samtakanna, eftir að tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar á hverjum tíma. Úthlutun til aðildarfélaga byggir á samkomulagi þeirra um mælda og áætlaða hlutdeild hvers félags í mismunandi tegundum samninga.

d. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	4.485.524	4.251.141
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.031.069	1.470.211
	<u>5.516.593</u>	<u>5.721.352</u>

Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu.

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárréikninga:

	2023	2022
Eigið fé 1.1.	12.246.404	12.689.131
Afkoma ársins	10.396.148	(442.727)
Staða 31.12.	<u>22.642.552</u>	<u>12.246.404</u>

4. Varasjóður

Hlutverk varasjóðs er að til séu fjármunir til að standa straum af greiðslu höfundaréttargjalda vegna krafna frá höfundum utan hagsmunasamtaka, sbr. grein 4.3. í samþykktum fyrir Fjölfís. Eignir og eigið fé varasjóðs greinast þannig:

	2023	2022
Handbært fé 1.1.	5.451.084	5.336.189
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur	279.205	114.895
Handbært fé 31.12.	<u>5.730.289</u>	<u>5.451.084</u>
 Eigið fé 1.1.	5.451.084	5.336.189
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur	279.205	114.895
Eigið fé 31.12.	<u>5.730.289</u>	<u>5.451.084</u>